

**Nd.**

## **116. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Pálmi Hannesson, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson, Skúli Guðmundsson, Steingr. Steinþórsson, Gísli Guðmundsson.

### 1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. sept. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smalestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið

Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbertingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnar-svæða í viðkomandi héraði.

### 2. gr.

Á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“ í 8. gr. laganna bætist: lengd dráttarlína.

### 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 26 12. febrúar 1940, um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að dragnótaveiðar í landhelgi hafa löngum verið óvinsælar meðal sjómanna víða um land. Formælendur slíkra veiða hafa haldið því fram, að úr mundi rakna um óvinsældirnar, er tímar líða, en því fer þó fjarri, og hafa Alþingi því, er nú situr, horizt margar fundarsamþykktir og undirskrifta-skjöl, er sýna þetta glögglega. Mest og almennust mun óánægjan þó vera fyrir norðan land, þar sem sótt er að mestu á innfjarðamið á opnum vélbátum og árabátum. Þeir, sem slíkan útveg stunda, telja dragnótina valda sér svo miklum búsfjum í aflatjóni og veiðarfæra, að til auðnar horfi um atvinnuveg þeirra, nema úr verði bætt.

Mörg rök hníga í þá átt, að með þeim ákvæðum, sem nú gilda, gangi dragnótin of nærri flatfiskastofninum við strendur landsins og væri þetta eitt ærin ástæða til þess, að friðun væri aukin. En fleira kemur til. Á fjörðum inni eru uppeldisstöðvar allra nytjafiska vorra, og er því augljóst mál, hvers virði það er, að þar sé eigi ránsveiði stunduð. Með því fiskverði, sem verið hefur nú um sinn, hafa dragnótabátar gert lítinn mun flatfiska og annarra, en sækja fast eftir hvers konar afla, sem fæst. Í fjörðunum er botni þannig farið, að víða má koma dragnót við, og þegar þar er þéttskipað dragnótabátum, má hver maður sjá, að af því leiðir hinn mesta ránskap, þar sem hvorki er þyrmt ungfiski né sézt fyrir um veiðivon þeirra manna, sem leita á sömu fiskistöðvar með öðrum og smátækari veiðarfærum.

Hér fara því saman almennir hagsmunir og nauðsyn þeirra manna, sem eiga afkomu sína undir sjósókn á innfjörðum.

Virðist einsætt, að Alþingi beri fullkomin skylda til að bæta hér úr með aukinni friðun fyrir dragnótaveiði í landhelgi, og felur frv. þetta í sér ákvæði um það.